

REGLUGERÐ**um niðurfellingu reglugerðar um bann við togveiðum í Djúpál.****1. gr.**

Frá og með 29. september 1978, er felld úr gildi reglugerð nr. 319 20. september 1978, um bann við togveiðum í Djúpál.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. september 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

5. september 1978.

Nr. 363.

AUGLÝSING**um umferð í Borgarnesi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. ágúst 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Borgarneshrepps eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Settar verða gangbrautir á Borgarbraut á móts við Borgarnesapótek og gegnt íþróttavelli.
2. Hraðatakmarkamerki B-11 verður sett upp ofan við Hrafnaklett.
3. Biðskylda verður við Borgarnesbraut þegar komið er úr Bjargslandi við Hrafnaklett.
4. Biðskylda verður á Kjartansgötu við Kveldúlfsgötu.

Skrifstofu Mýra- og bargarfjarðarsýslu, 5. september 1978.

Ásgeir Pétursson.

3. október 1978.

Nr. 364.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.****1. gr.**

22. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ekki er heimilt að flytja úr landi eða til Íslands íslensk skuldabréf og hvers konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri, nema að fengnu leyfi, sem Seðlabanki Íslands veitir.

Heimilt er að flytja úr landi og til Íslands peningaseðla og skiptimynt, sem hér segir:

a) Íslenskir peningar:

Innlendum og erlendum ferðamönnum er heimilt að flytja inn og út úr landinu allt að tuttugu þúsund krónum, þó ekki í seðlum að verðgildi yfir eitt þúsund krónur.

Viðskipti í Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli með íslenskum peningum mega þó ekki nema samtals hærri fjárhæð en tíu þúsund krónum við brottför eða komu til landsins í hvort sinn.

Öðrum aðilum að meðtöldum bönkum er óheimilt að flytja íslenska peninga inn og út úr landinu nema leyfi Seðlabankans komi til.

b) Erlendir peningar:

Ferðamenn búsettir hérlendis mega flytja með sér út og inn í landið þann erlenda gjaldeyri, sem þeir hafa lögleg umráð yfir. Ferðamenn búsettir erlendis mega flytja jafnmikla erlenda peninga út úr landinu og þeir fluttu inn við komu til landsins, að frádregnum þeim dvalarkostnaði, sem þeir hafa haft hér.

Bankar, sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, svo og aðrir aðilar, sem löglegar heimildir hafa, mega flytja erlenda peninga inn og út úr landinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi 10. október 1978. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 223 2. júní 1977.

Viðskiptaráðuneytið, 3. október 1978.

Svavar Gestsson.

Dórhallur Ásgeirsson.